

Miðvikudaginn 24. maí 1995.

Nr. 79/1995.

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Roy Ófeigi Breiðfjörð

(Kristján Stefánsson hrl.)

Kynferðisbrot. Börn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærði hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar. Í greinargerð vísar hann til a-, b- og c liðar 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994. Krefst hann þess aðallega, að ákærða verði ekki dæmd refsing, en til vara, að refsing verði milduð og dæmd skilorðsbundin. Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu með stefnu 6. mars 1995 til þyngingar refsingu. Í greinargerð ákærvaldsins er hins vegar eingöngu krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Lagt hefur verið fyrir Hæstarétt nýtt vottorð Hannesar Péturssonar forstöðulæknis, þar sem fram kemur, að ákærði hefur sótt reglubundið læknis meðferð hjá honum frá því í desember 1994. Að öðru leyti vitnar læknirinn til greinargerðar sinnar, sem frammi lá í héraði. Þar kom fram, að læknirinn telur refsingu ekki koma að haldi „miðað við þann kvilla sem Roy á við að stríða, aldur hans og félagslega stöðu“.

Ákærði hefur fyrir dómi játað afdráttarlaust þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru. Varðar brot hans við síðari málslið 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 40/1992, en það ákvæði tæmir sök gagnvart 66. gr. laga nr. 58/1992 um vernd barna og ungmenna.

Á það verður ekki fallist, að refsing geti ekki komið að gagni til að halda ákærða frá endurtekningu svipaðra brota og í almennu varnaðarskyni. Hann mátti gera sér grein fyrir því, að brot hans beindust að sálarheill drengsins og voru til þess fallin að valda alvarlegu tjóni á heilsu hans. Hann hafði áður gerst sekur um svipað

brot. Hann hefur aftur á móti skýlaust játað háttsemi sína, og eftir að brot hans komust upp, hefur hann fallist á að greiða drengnum bætur og gengið til læknis til að leita bóta á hneigð sinni. Að framangreindum atriðum athuguðum er fallist á refsíákvörðun héraðsdóms.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Roy Ófeigur Breiðfjörð, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 3. febrúar 1995.

Ár 1995, föstudaginn 3. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinsyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-758/1994: Ákærvaldið gegn Roy Ófeigi Breiðfjörð, en málið var dómtekið 12. janúar sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dagsettu 1. nóvember 1994, á hendur „Roy Ófeigi Breiðfjörð, Blikahólum 2, Reykjavík, fæddum 17. apríl 1924, fæðingarnúmer 719, fyrir kynferðisbrot með því að hafa frá því í júlílok þar til kringum 20. ágúst 1994 í skúr við bensínstöð Olíufélagsins hf. við Stóragarði í Reykjavík fimm sinnum sýnt drengnum X, fæddum [...] 1983, kynferðislega áreitni með því að káfa á kynfærum drengsins utan klæða, látið kynfæri sín koma við kynfæri og rass drengsins í gegnum fötin, kysst hann á munninn og einu sinni farið með hönd niður um skyrtuhálmál drengsins og strokið niður á maga hans og aftur upp.

Telst þetta varða við 1. mgr., 2. málslíð, 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 40/1992 og 66. gr. laga nr. 58/1992 um vernd barna og ungmenna.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Sigurður Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður gerir þær kröfur í málinu fyrir hönd R og B vegna ófjárráða sonar þeirra, X, að ákærði verði dæmdur til að greiða þeim í miskabætur 600.000 kr. ásamt dráttarvöxtum frá 30. ágúst

1994 til greiðsludags og málskostnað að lágmarki 60.000 kr. að viðbættum virðisaukaskatti á málskostnað“.

— — —

Niðurstöður.

Sannað er með framburði ákærða, sem studdur er öðrum gögnum málsins, að ákærði hefur framið þá háttsemi, sem ákært er út af.

Brot ákærða varða við þau lagaákvæði, sem í ákæru greinir.

Undir rekstri málsins lét Hannes Pétursson forstöðulæknir í té vottorð um andlegt og líkamlegt heilbrigðisástand ákærða. Í vottorðinu segir m. a.:

„Álit undirritaðs byggist m. a. á niðurstöðu þeirrar geðheilbrigðisrannsóknar sem fór fram vorið 1986. Ljóst er að Roy Ófeigur Breiðfjörð er samkynhneigður og þó að hann hafi verið í hjónabandi og átt börn með konu sinni, þá hefur hann alla tíð haft litla kynferðislöngun til kvenna og átt í erfiðleikum á því sviði. Eins og fram kemur af framangreindum gögnum hefur Roy orðið uppvís að kynferðissamböndum við unga pilta á aldrinum 11–15 ára allt frá árinu 1968. Í því máli, sem kom upp árið 1986, og nú á þessu ári hefur verið um að ræða ókynþroska drengi.

Samkynhneigð, sem hér um ræðir, er oft mjög erfið viðfangs og er ekki læknanleg í eiginlegum skilningi þess orðs. Tilhneigingin er varanleg, en ýmsir þættir geta haft áhrif á það hvort eða í hve miklum mæli viðkomandi lætur undan löngun sinni. Þar skiptir m. a. máli áfengisneysla, félagsleg staða, geðræn líðan, persónuleiki, greindarfar og fleira. Með stöðugri atvinnu, stuðningi vinkonu sinnar, takmarkaðri áfengisneyslu og félagslegri einangrun virðist Roy hafa tekist að halda sig frá vandræðum á framan­greindu sviði. Það vekur áhyggjur að vinkona hans er nýlátin og hann atvinnulaus, sem gerir það að verkum að félagsleg staða hans er mjög erfið.

Miðað við þann kvilla, sem Roy á við að stríða, aldur hans og félagslega stöðu, tel ég að refsing muni ekki koma að gagni í máli þessu. Ég tel m. a. að Roy sé nauðsynlegt að sækja sér reglubundið meðferð hjá geðlækni, m. a. að því er varðar meðferð á þunglyndi og kvíða, og jafnframt ráðgjöf til að styrkja félagslega stöðu sína og auka félagslega færni og öryggi. Sem fyrr er nauðsynlegt að Roy haldi sig algerlega frá neyslu áfengis. Til greina kemur að ráðleggja Roy lyfjameðferð sem dregið getur úr kynhvöt. Slík lyf eru skrásett hérlendis. Í nágrannalöndum hafa slík lyf stundum verið notuð til þess að draga úr kynhvöt hjá einstaklingum með afbrigðilega kynferðis­hegðun, en slík ábending virðist ekki vera skráð hér. Lyfjagjöf hefur að sjálfsögðu engin áhrif á eiginlega kynferðistilhneigingu, en dregur, eins og að framan segir, úr kynhvöt. Umrædd lyf geta haft í för með sér aukaverkanir, svo sem þreytu, þunglyndi, brjóstastækkun hjá karlmönnum og fleira.

Áður en til greina kæmi að ráðleggja Roy slíka lyfjameðferð er nauðsynlegt að fram fari ýtarlegri lækisfræðilegar rannsóknir á heilsufari hans.“

Ákærði er sakhæfur.

Ákærði hlaut í október 1987 8 mánaða fangelsisdóm, þar af voru 6 mánuðir skilorðsbundnir í 5 ár, en ákærði var þá dæmdur fyrir brot á 200., 202. og 203. gr. almennra hegningarlaga. Skilorð samkvæmt dóminum rann þannig út í október 1992, og ákærði framdi brot þau, sem hann er nú sakfelldur fyrir, innan við 2 árum eftir, að skilorðstíma lauk.

Ákærði er nú dæmdur fyrir að hafa sýnt drengnum X kynferðislega áreitni í 5 skipti, og er refsing ákærða ákvörðuð með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ekki hefur verið rannsakað til hlítar, hvort breytingar í fari X, er móðir hans lýsti fyrir dóminum, verða allar raktar beint til háttsemi ákærða. Drengurinn bar sjálfur hjá lögreglunni, að höfuðkippirnir hefðu komið aftur eftir háttsemi ákærða. Dóminum þykir þetta eindregið benda til þess, að háttsemi ákærða hafi haft þau áhrif á X, sem móðir hans bar, enda henni vel ljóst ástand drengsins vegna eineltis, sem hann hafði orðið fyrir, og ráðstafana foreldra í því skyni að vinna bug á því.

Brot ákærða beindust því að mikilsverðum hagsmunum, þar sem er sálarheill drengsins, og voru til þess fallin að valda alvarlegu tjóni á heilsu hans. Þessu átti ákærði að gera sér grein fyrir, einkum í ljósi þess, að hann hefur áður sætt refsingu fyrir sams konar eða svipað brot.

Með vísan til ofanritaðs þykir refsing ákærða hæfilega ákvörðuð fangelsi í 10 mánuði.

Undir rekstri málsins var fallið frá bótakröfunni, sem lýst er í ákæru, en gengið var frá samkomulagi um bætur 12. janúar sl.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. m. t. 25.000 kr. í saksóknarlaun, sem renni í ríkissjóð, en Björn Helgason saksóknari flutti málið af hálfu ákæruvaldsins.

Þorsteinn Einarsson héraðsdómslögmaður, verjandi ákærða, afsalaði sér málflutningsþóknun.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Roy Ófeigur Breiðfjörð, sæti fangelsi í 10 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. m. t. 35.000 kr. í saksóknarlaun, sem renni í ríkissjóð.